

Heimsóknin mín á Sjóminjasafnið í Reykjavík

Ég ætla að heimsækja Sjóminjasafnið í Reykjavík. Á Sjóminjasafninu í Reykjavík er sýning sem fjallar um sögu fiskveiða á Íslandi síðustu 150 árin eða svo. Þar er líka önnur sýning sem er töluvert minni. Sú sýning tengist líka fiskveiðum og sjómennsku.



Inngangur

Sjóminjasafnið er til húsa við Grandagarð 8 í Reykjavík. Húsið er nokkuð stórt. Það er að mestu dökkgrátt á litinn en líka ryðrautt. Á því eru margir gluggar. Aðalinngangur Sjóminjasafnsins er staðsettur fyrir miðju hússins. Þar er rennihurð úr gleri sem opnast til beggja hliða. Þegar ég kem að aðalinnganginum, bíð ég eftir að rennihurðin opnast og geng svo inn.



Ég get líka gengið inn á Sjóminjasafnið frá bryggjunni sem snýr að Slippnum. Þá er inngangurinn beint af augum þegar ég geng eftir bryggjunni að húsinu. Þar er hurð sem ég þarf að opna með handafli. Þegar ég kem að þessum inngangi, opna ég og geng inn.

Móttaka

Þegar ég kem inn um aðalinnganginn sé ég móttökuborðið á hægri hönd. Ef ég kem inn af bryggjunni sé ég móttökuborðið á vinstri hönd. Þar kaupi ég miða í safnið. Ef ég er yngri en 18 ára, með árskort eða Menningarkort Reykjavíkur þarf ég ekki að kaupa miða. Ég þarf samt alltaf að tala við afgreiðslufólkið í móttökunni til að láta vita að ég ætli að skoða safnið.



Afgreiðslufólkið lætur mig hafa lítinn límmiða til að sýna að ég sé með aðgöngumiða.

Ég set límmiðann á jakkann minn eða peysuna mína svo að hann sé sýnilegur.

Bryggjusalur

Þegar ég er inni í móttökunni sé ég inn í annað rými sem er með stórum gluggum. Það kallast Bryggjusalur. Út um gluggana sést bryggjan og skipin í höfninni. Í Bryggjusalnum eru stólar til að setjast á og bækur til að lesa. Þar eru stundum tónleikar, námskeið eða sýningar.

Safnbúðin

Safnbúðin er í sama rými og móttakan. Þar er stundum margt fólk. Oftast er þó rólegt þar og ekki mikil læti. Í safnbúðinni er mikið af áhugaverðum vörum sem getur verið gaman að skoða. Sumum finnst best að skoða safnbúðina í lok heimsóknarinnar. Ég þarf ekki að skoða safnbúðina frekar en ég vil.

Fatahengi og læstir skápar

Rétt fyrir innan móttökuna er fatahengi. Þar get ég hengt yfirhöfnina mína. Þar eru líka skápar sem hægt er að læsa. Ef ég er með tösku get ég læst hana inni í einum af skápunum. Lykillinn er með númeri skápsins. Það er því auðvelt fyrir mig að finna hann aftur. Öll verðmæti er gott að geyma í læsta skápunum líka.



Salerni

Þegar ég kem upp á 2. hæð safnsins sé ég stálgráa hurð með litlum, hringlaga glugga. Fyrir innan þessa hurð er að finna þrjú salerni.

Ég kemst líka á salerni á neðri hæð safnsins. Þau salerni finn ég í Bryggjusalnum.

Starfsfólk safnsins

Starfsfólk safnsins er ekki í einkennisfötum. Starfsfólkið er þó með merki safnsins um hálsinn. Þannig veit ég hverjir vinna á safninu. Ég get leitað til þeirra ef mig vantar aðstoð eða upplýsingar.

Sýningarsalir

Á safninu er mikilvægt að ég hafi það í huga að flesta munina á einungis að skoða með augunum. Ekki snerta með höndum eða líkama. Munirnir sem eru til sýnis þola það illa að þeir séu snertir. Á sýningunum á Sjóminjasafninu er þó ýmislegt sem ég má koma við



og prófa. Á sýningunni á 2. hæðinni eru til dæmis heyrnartól og litlir skjáir. Það má ég nota til að hlusta og skoða myndir og myndbönd. Sýningin á 2. hæð hússins er föst sýning sem er alltaf eins. Sýningin á neðri hæðinni er ekki alltaf sú sama. Sýningarsalurinn á neðri hæðinni getur því litið mismunandi út eftir því hvaða sýning er í gangi hverju sinni.

Á sýningunum geta ljósin verið björt. Ýmiss konar hljóð eru líka notuð til þess að auka upplifun mína í heimsókninni. Ég bý mig undir það að í sumum hlutum sýningarinnar geti verið töluverður hávaði. Á sýningunum eru bekkir. Ég get tyllt mér á þá ef ég vil hvíla mig. Það getur verið gott fyrir mig að staldra aðeins við og halda svo áfram að skoða ef mig langar til þess.

Stundum finnst mér það sem ég sé áhugavert og stundum ekki. Það er allt í lagi að mér finnst ekki allt áhugavert. Það er líka allt í lagi að ég skoði ekki alla sýninguna í einni heimsókn. Ég get þá kannski komið aftur seinna og skoðað meira.



Heimferð

Þegar mér finnst ég hafa skoðað nóg er tími til að halda heim. Ég get alltaf komið aftur seinna og skoðað. Ef ég hef sett jakkann minn í fatahengið eða hluti í læstan skáp man ég eftir að ná í það aftur. Ef ég hef tekið sýningarskrár eða aðra bæklinga get ég skilað þeim í móttökunni. Ég má líka taka það með mér heim.